

Sp.

597. Þingsályktun

[54. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna.

(Afgreidd frá Sp. 30. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvörðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og leggja fyrir Alþingi tillögur til breytinga, eftir því sem ástæða þykir til, að endurskoðun lokinni. Gefa skal fulltrúum frá þingum landsfjórðunganna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga — einum frá hverjum þessara aðila — kost á að taka þátt í endurskoðuninni.